

FT:

Stuðningsleyfi, ný tryggingarvernd á Íslandi fyrir polendur ofbeldis

Vörður tryggingar hefur bætt nýrri vernd, stuðningsleyfi, við slysatryggingar fyrirtækja. Með stuðningsleyfi vill Vörður auðvelda fyrirtækjum að styðja enn betur við starfsfólk sitt sem er að vinna sig úr ofbeldissambandi. Vinnustaðurinn getur stundum verið eina reglubundna snerting þolanda við samfélagið fyrir utan heimilið. Rannsóknir sýna að polendur ofbeldis í nánú sambandi geta veigrað sér við að breyta aðstæðum, meðal annars vegna ótta við að þurfa að vera fjarverandi frá vinnu og að stefna fjárhagslegu öryggi sínu í hættu. Með stuðningsleyfi geta atvinnurekendur fengið bætur fyrir launað leyfi starfsmanns í allt að tvær vikur, þannig að starfsmaður getur frekar breytt aðstæðum sínum án þess að óttast tekjutap. *Stuðningsleyfi* bætist við fjórar mismunandi fyrirtækjatryggingar; slysatryggingu launþega, slysatryggingu, sjúkra- og slysatryggingar og áhafnatryggingar, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Samhliða nýju verndinni mun Vörður í samstarfi við Bjarkarhlíð miðstöð fyrir polendur ofbeldis, bjóða upp á fræðslu fyrir stjórnendur, starfsfólk og almenning um hvernig megi þekkja merkin sem gætu birst á vinnustaðnum og hvernig sé best að bregðast við.

Um er að ræða fræðsluefni sem verður er aðgengilegt á vef Bjarkarhlíðar. Þá verður einnig haldinn opinn fundur þann 17. mars ásamt því að boðið verður upp á námskeið fyrir fyrirtæki. Öll fræðslan snýst um að auka þekkingu á vinnustöðum með það að markmiði að vinna gegn þeirri miklu samfélagsógn sem ofbeldi í nánú samböndum er.

Stuðningsleyfi er framhald af vegferð Varðar að skoða betur tryggingavernd út frá ólíkum hópum og finna nýjar leiðir til þess að stíga inn þar sem það raunverulega skiptir máli.

Vörður hóf vegferðina í upphafi síðasta árs þegar neyðarvernd fyrir polendur ofbeldis í nánú sambandi var bætt við í hefðbundnar heimilistryggingar hjá Verði og var sú vernd unnin í samráði við Kvennaathvarfið. Þá var meðgöngu- og foreldravernd bætt við hefðbundnar sjúkdómatryggingar fyrir verðandi mæður og foreldra á síðasta ári, báðar viðbæturnar eru án aukakostnaðar fyrir viðskiptavini.

„Ofbeldi í nánú samböndum er samfélagslegt mein sem varðar okkur öll. Með aukinni fræðslu getum við frekar stutt við og aukið líkur á að fólki takist að breyta aðstæðum sínum. Með stuðningsleyfinu er atvinnurekendum auðveldað að styðja við starfsfólk sitt í þessum aðstæðum. Það er mikilvægt að þekkja merkin og vita hvernig á að bregðast við ef grunur leikur á að einhver sé þolandi ofbeldis í nánú sambandi. Við hjá Verði erum staðráðin í að gera það sem við getum til að bæta tryggingavernd fyrir polendur ofbeldis og hvetjum alla stjórnendur til að skrá sig á fræðslufund hjá Bjarkahlíð og læri að þekkja merkin“ segir Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, forstjóri Varðar trygginga.

„Vinnustaðurinn er oft eini snerti flötur polenda fyrir utan heimilið og við hjá Bjarkahlíð höfum séð hversu miklu máli það getur skipt þegar stuðningur frá vinnuveitendanum er fyrir hendi. Vegna þeirrar einangrunar sem margir polendur verða fyrir í ofbeldissambandi er samstarfsfólk á vinnustað oft eina fólkið sem polandi getur átt í samskiptum við. Fræðsla á vinnustaðnum skiptir öllu máli og að polendur viti að þessi stuðningur sé í boði. Ásamt því skiptir það fjárhagslega öryggi sem fylgir stöðugu starfi oft sköpum þegar polandi tekur ákvörðun um að reyna að komast út úr þessum alvarlegu aðstæðum.

Stuðningsleyfi Varðar er því merki um mjög mikilvæga samfélagslega ábyrgð og afar stórt skref í að formgera stuðning af hálfu vinnuveitenda. Einnig með því að opna umræðuna um þessa alvarlegu samfélagslegu ógn sem við berum öll ábyrgð á að takast á við. Stuðningsleyfi Varðar getur tryggt polanda það mikilvæga svigrúm sem hann þarf til að leita sér hjálpar og stíga út úr svartnætti ofbeldis og hefja betra líf," segir Jenný Kristín Valberg, teymisstýra Bjarkahlíðar.